

Námskeið fyrir fagaðila

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun bjóða upp á námskeið um raunfærnimat 14. og 15. september 2017. Námskeiðið er ætlað matsaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Einnig eru hagsmunaaðilar sem vilja kynna sér framkvæmd raunfærnimats velkomnir. Ekkert námskeiðsgjald er greitt, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né uppihald þátttakenda. Námskeiðið verður haldið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Skipholti 50b þriðju hæð. Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Steinunni Júlíusdóttur, steinunn@frae.is

Starfsmenn FA og raunfærnimat

Jafnhliða því að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur tekið að sér umsjón með Þekkingarsetri ferðaþjónustunnar, www.haefni.is, hefur orðið breyting á verkaskiptingu hér innanhúss. Haukur Harðarson dregur úr þeim tíma sem hann sinnir raunfærnimati en Hildur Betty Kristjánsdóttir og Arnar Þorsteinsson koma þar að. Hildur samhliða Hauki varðandi aðferðafræði og framkvæmd, en Arnar mun einbeita sér að gát- og skimunarlistum.



Hildur Betty

Arnar

Gæðakerfi og raunfærnimat

Unnið hefur verið að þróun gæðaviðmiða EQM með það að markmiði að sameina í eitt ferli gæðavottun EQM+ fyrir fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimat. Fræðsluaðilar eru að fylla út sjálfsmatslistana fyrir gæðavottunina og var haldinn vinnudagur þann 11. ágúst hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fræðsluaðilar fóru yfir sjálfsmatslistana, komu með athugasemdir og stilltu saman strengi. Í haust munu tveir fræðsluaðilar fara í gegnum EQM+ vottunina og mun Vaxandi ráðgjöf sjá um úttektina.

Skráning eininga í INNU

Nú er byrjað að skrá einingar úr raunfærnimati beint inn í INNU og námskeiðum Advania þar sem kennt hefur verið á kerfið lokið. Alls voru námskeiðin sjö og haldin hjá notendum. Ef þið hafið spurningar eða þurfið aðstoð vegna vinnu við kerfið þá beinið fyrirspurnum til Guðrúnar hjá FA (gudrunerla@frae.is). Ef þörf er á aðstoð Advania við að leysa verkefni verður það gert í gegnum FA. Verkefnið hefur tekið lengri tíma en áætlað var, við stefndum á að byrjað yrði að skrá inn í kerfið fljótlega eftir áramót. Ekki er hægt að nefna eitt atriði sem hefur valdið þessu, helst bjartsýni.

Við minnum á

Uppfærsla á gát- og skimunarlistum

Hægt að sækja til Fræðslusjóðs um fjármagn til að uppfæra gát- og skimunarlista allt árið. Eru umsóknir teknar fyrir á mánaðarlegum fundum sjóðsins.

Myndband um raunfærnimat

Minnum á myndband um raunfærnimat sem er að finna á heimasíðu FA (efni fyrir fagaðila). Myndböndin hafa reynt vel á kynningarfundum og rafrænum auglýsingum.